

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fjölda og kjör sendiherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var fjöldi sendiherra Íslands ár hvert árin 1995–2003?*
2. *Hver voru laun, ferðakostnaður og staðaruppbót sendiherra sl. septembermánuð?*
3. *Hvaða reglur gilda um skattgreiðslur aflaunum og staðaruppbót sendiherra sem starfa erlendis og þeirra sem hafa aðsetur hér á landi?*

Heildarfjöldi sendiherra árin 1995 til 2003 var eftirfarandi, en það skal tekið fram að ár hvert hafa að jafnaði einn til þrjú sendiherrar verið í launalausum leyfi frá störfum.

1995: 21, 1996: 23, 1997: 24, 1998: 25, 1999: 26, 2000: 26, 2001: 29, 2002: 30, 2003: 30.

Samanlögð laun, ferðakostnaður og staðaruppbætur til allra sendiherra á launaskrá sl. septembermánuð voru eftirfarandi:

Grunnlaun: 14.532.268 kr.

Kjaranefndareiningar til sendiherra heima: 1.116.564 kr.

Staðaruppbætur til sendiherra erlendis: 10.000.564 kr.

Staðaruppbætur eru einungis greiddar til sendiherra sem eru með aðsetur erlendis. Staðaruppbætur eru samkvæmt lögum ekki skattskyldar en hins vegar framtalsskyldar.